

Samkeppnishæfni Íslands – stefnumótun til 2020

- varanleg verðmætasköpun og hagsæld -

Markmið

- Að setja í gang vinnu um að móta skýra sýn og stefnu um samkeppnishæfni Íslands til 2020.
- Verkefnið hefjist vorið 2009 og kallar á samvinnu háskóla, ráðuneyta, opinberra stoða og rannsóknarstofnana, aðila atvinnulífsins og fjármagnssjóða.

1. Inngangur

Undanfarin ár hefur Ísland verið talið meðal samkeppnishæfari þjóðum heims og við rannsóknir og mælingar á 134 þjóðum sem World Economic Forum gerir var Ísland í 20. sæti árið 2007. Þjóðarframleiðsla á hvern íbúa var ein sú hæsta í heimi, en einungis Luxembourg, Noregur og Qatar voru hærri.¹

Við hrun íslenska fjármálakefisins sl. haust fékk þjóðin gríðarlegan skell sem mun taka okkur nokkur misseri að vinna úr og lagfæra. Landsframleiðsla mun dragast saman um rúm 9,6% á þessu ári, jafnvel um 1-2% á því næsta og síðan byrja að vaxa árið 2011.² Atvinnuleysi verður að meðaltali rúm 9% á sama tíma og minnkar árið 2011.³ Stór hluti íslenskra fyrirtækja á við vandamál að stríða og berjast lífróðri, fjármálakerfið er lamað og örvænting ríkir víða á heimilum landsins. Ofan á allt bætast pólitísk umbrot, sem ekki mun sjá framúr fyrir en að loknum kosningum í vor. Trúverðugleiki og imynd Íslands og íslenskra fyrirtækja í alþjóðasamfélaginu hefur hlotið umtalsverðan skaða, af ýmsum ástæðum, nokkuð sem verður að endurreisa hið fyrsta og er algjör forsenda þess að Íslandi takist að byggja upp varanlega verðmætasköpun og hagsæld til frambúðar.

Við endurreisn íslensks efnahagslífs er rétt að líta í kringum sig og leita að dæmum um hvaða aðferðum aðrar þjóðir eða svæði hafa beitt til að móta stefnu fyrir og byggt upp samkeppnishæft efnahagslíf. Hverjir eru svo helstu hugsuðir og fræðimenn á sviði samkeppnishæfni og komnir lengst á því sviði, með fræði og módel sem við getum tileinkað okkur til að móta stefnu til framtíðar?

- Baskaland hefur uppskorið hagvöxt umfram önnur svæði á Spáni.
- Katalóníu svæði er með hæstu tekjur á íbúa á Spáni.
- Finnland hefur náð góðum árangri eftir djúpa efnahagskreppu á tíunda áratugnum.
- Connecticut fylki hefur verið með mestu tekjur á íbúa í Bandaríkjunum.

Öll þessi svæði eiga það sameiginlegt að hafa tileinkað sér kenningar og aðferðafræði Harvard prófessorsins Michael Porter við stefnumótun fyrir samkeppnishæfni, sem frá því um 1980 hefur verið leiðandi á heimsvísu á sviði stjórnunarvísinda. Á þeim 30 árum hefur hann rannsakað fyrirtæki og hagkerfi um allan heim og sett fram kenningar og aðferðafræði sem mörg fyrirtæki, svæði og þjóðir hafa tileinkað sér í eigin stefnumótun til að stuðla að aukinni framleiðni og verðmætasköpun, aukinni

¹ The Global Competitiveness Report 2008-2009, World Economic Forum

² Þjóðarbúskapurinn vetrarskýrsla 2009, Fjármálaráðuneytið 20. janúar 2009

³ Horfur í efnahagsmálum 2009-2011, Hagdeild ASÍ febrúar 2009


samkeppnishæfni og almennri hagsæld. Porter hefur verið valinn í fyrsta sæti eða eitt af efstu sætumum, á undan Bill Gates, Philip Kotler, Tom Peters og Jack Welch, undanfarin ár af „European Foundation for Management Development“.

2. Ísland og samkeppnishæfni

Skyndimyndin af Íslandi lítur ekki vel út. Einmitt vegna þess, er afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að skoða stóru myndina og meta styrkleika og veikleika okkar og móta okkur sameiginlega stefnu til lengri tíma, sem skapar okkur varanlega verðmætasköpun og hagsæld – við vitum nú fyrir vist af eigin reynslu að forsenda fyrir hagsæld þjóðarinnar er raunveruleg framleiðsla verðmæta á sviði vöru og þjónustu, en ekki afleiður og spákaupmennska á fjármálamarkaði.

Þrátt fyrir núverandi tímapunkts-stöðu okkar eru varanlegar grunnundirstöður íslenskra atvinnuvega enn til staðar til að byggja á og styrkja, s.s. sjávarútvegur, orkufrekur iðnaður, landbúnaður, matvælaframleiðsla, upplýsingatækni og ferðaþjónusta. Við eigum alla innviði, s.s. öflugar menntastofnanir, stjórnsýslu og stoðkerfi til að rísa hratt upp úr núverandi stöðu og endurreisa Ísland og endurheimta mikilvægt traust og virðingu í alþjóðasamfélaginu. Núverandi staða Íslands er til skamms tíma og þjóðin hefur burði og forsendur til að vinna sig hratt og vel úr stöðunni og verða enn samkeppnishæfari og skapa varanlega hagsæld sem verður öðrum þjóðum til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Hagsæld – hvernig verður hún til?



Porter skilgreinir samkeppnishæfni sem framleiðni (verðmætasköpun úr innleggspáttum) sem myndast við það að þjóð, svæði eða klasi (samfélag fyrirtækja) notar vinnuframlag einstaklinga, tæki og auðlindir. Aukin framleiðni hefur síðan áhrif á hve mikla hagsæld einstaka þjóð eða svæði nýtur (laun, ávöxtun framleiðsluþátta og auðlinda).⁴ Á mannamáli þýðir þetta að því betur sem við nýtum vinnuafll, tæki eða auðlindir okkar til að framleiða verðmæti (vöru eða þjónustu) þeim mun samkeppnishæfari erum við. Framleiðni veltur bæði á verðmæti vöru og þjónustu (þ.e. sérstöðu á markaði, gæðum) sem og þeim afköstum sem eru við sjálfa framleiðsluna.

Við höfum allar forsendur og hæfni hér á Íslandi til að vaxa og dafna og skapa viðvarandi samkeppnisforskot er leiðir til varanlegrar hagsældar Íslands í alþjóðasamfélaginu.⁵ Til þess að svo megi vera þurfum við þó að setja okkur sýn og markmið um á hvaða sviðum við viljum vera samkeppnishæf í framtíðinni og tengja saman fyrirtæki, stofnanir og fjármuni til að ná árangri á þeim sviðum er við veljum okkur. Þannig eru myndaðir klasar (samfélag fyrirtækja og stoða) sem saman mynda heild sem er mun sterkari en einstaka aðilar hver í sínu lagi. Dæmi um sterka klasa á Íslandi eru sjávarútvegsklasinn og klasi fyrirtækja í orkufrekum iðnaði. Í kringum þessa tvo klasa eru samfélög sérhæfðra fyrirtækja og

⁴ Michael Porter, Building a Competitive Economy: Implications for Iceland, fyrirlestur 6. október 2006

⁵ Quo Vadis – Hvert stefnir þú, Ísland?, dr. Christian Ketels, Morgunblaðið 20. febrúar 2009

Þjónustuaðila og stoðkerfi, sem gerir þá samkeppnishæfa á alþjóðamörkuðum. Í sjávarútvegi eru útgerðarfyrirtæki, fiskvinnslur, netagerðir, járn- og vélsmiðjur, slíppar, sérhæfð matvæla-fyrirtæki, lögfræðingar og endurskoðendur með sérþekkingu á málefnum sjávarútvegs, rannsóknarfyrirtæki og – stofnanir, menntastofnanir (vélskóli, stýrimannaskóli og aðrir skólar) og sérstakt ráðuneyti sjávarútvegs. Í kringum orkugeirann er álika samfélag sérhæfðra fyrirtækja og stofnana, sem skapar sérhæfni á því sviði og gerir Ísland samkeppnishæft á alþjóðamörkuðum. Auk þess er til staðar virk samkeppni fyrirtækja í þessum klósum sem er drifkrafturinn og forsenda þess að við sem einstaklingar leitum stöðugt að því að gera betur og auka framleiðni og þannig auka samkeppnisforskot.

Til að vera samkeppnishæf á ákveðnum sviðum, eins og í sjávarútvegi og orkufrekum iðnaði er mikilvægt að virk samvinna sé á milli aðila er koma að því að mynda einstaka klasa. Hér þarf að leiða saman aðila: ríkisvald og opinbera aðila, fyrirtæki, rannsóknaraðila, menntastofnanir og aðra þá sem með þátttöku geta styrkt viðkomandi klasa. Auk sjávarútvegs og orkufreks iðnaðar hafa myndast á Íslandi klasar eða vísar að klósum í kringum heilbrigðisgeirann, landbúnað, merkjavöru-framleiðslu, kvikmyndagerð, tónlist og ferðaþjónustu.

Forsendur stefnumótunar í samkeppnishæfi Sameiginleg ábyrgð


“Gamla aðferðin”	“Nýja aðferðin”
<p>Ríkisvaldið er drifkraftur stefnumótunar í endurskipulagningu efnahagsþróunar og samkeppnishæfi. Pólitískar ákvarðanir skipta höfuðmáli og eru lykilatriði.</p>	<p>Stefnumótun í endurskipulagningu efnahagsþróunar og samkeppnishæfi er samvinnuferli ríkisvalds og opinberra aðila, fyrirtækja í einkageira, rannsóknarstofnana, akademíu og skyldra aðila.</p>

Samkeppnishæfisþróun er **“bottom-up process”** þar sem einstaklingar, fyrirtæki, klasar og stofnanir axla allir sína ábyrgð

Allir landshlutar og klasar þurfa að taka skref í átt að bættri samkeppnishæfi

Hér á Íslandi búa aðeins um 320 þúsund manns. Í samanburðarskýrslu sem World Economic Forum gefur út árlega og er stýrt af prófessor Michael Porter og aðilum á hans vegum kemur í ljós að Íslendingar eyða mun fleiri vinnustundum í að framleiða sömu verðmæti en flestir aðrir. Við erum lengur í vinnunni en aðrir. Til að framleiða sömu verðmæti og Kanada, Japan og Spánn eyðum við um 1000 vinnustundum á meðan hinir nota um 875 stundir eða 15% styttri vinnutíma en við. Í samanburði við Norðurlandþjóðirnar komum við verr út. Svíar, Danir og Finnar eru með um 30% hærri framleiðni en Íslendingar, þ.e. þessar þjóðir skapa meiri verðmæti en við og nota til þess færri vinnustundir. Norðmenn eru í nokkuð sérstakri stöðu, en þeir vinna minna á meðan olía streymir upp úr hafsgrunni þeirra og framleiðni er mjög mikil. Þar hafa verið byggðir upp öflugir klasar í kringum oliuiðnaðinn og í skipaiðnaði, sem hafa skapað sterka stöðu á alþjóðamörkuðum. Þessar upplýsingar segja okkur að við getum gert betur. Með því að skerpa á því á hvaða sviðum við kjósum að veita sterka samkeppni á alþjóðamörkuðum, má styrkja og þétta þá klasa er tengjast viðkomandi atvinnugreinum, s.s. í landbúnaði, ferðaþjónustu eða tónlist, og auka framleiðni. Aukinni framleiðni fylgir aukna samkeppnishæfni, aukinn kaupmáttur og aukin hagsæld.

Framleiðni m.v. unnar vinnustundir



Source: Groningen Growth and Development Centre and The Conference Board (2006), authors' calculations

Með þetta að leiðarljósi skulum við Íslendingar leita í smiðju helstu hugsuða og fræðimanna í heimi á sviði samkeppnishæfni, sem hafa notað fræðin aftur og aftur til að hjálpa fyrirtækjum, svæðum og þjóðum til að ná árangri. Reynslusögur af góðum árangri er víða að finna og hafa hér verið nefnd nokkur dæmi um Baskaland, Katalóníu, Connecticut og Finnland.

Hvað segja þessi viðurkenndu fræði okkur? Með því að móta okkur sameiginlega sýn og setja okkur markvissa stefnu til langs tíma getur Ísland endurheimt fyrri hagsæld og orðið enn samkeppnishæfara á alþjóðamörkuðum en áður. Ísland hefur alla möguleika á að komast hratt og sterkt út úr núverandi stöðu ef við vinnum skynsamlega.

3. Ísland: samkeppnishæfni 2020 - Markmið og framtíðarsýn?

Lagt er til að ríkisstjórn Íslands móti stefnu til 2020, „Ísland: samkeppnishæfni 2020“, um samkeppnishæfni Íslands í alþjóðasamfélaginu og hvernig okkar litla 320 þúsund manna þjóð megi best nota sitt vinnuafli og auðlindir til að skapa varanlega verðmætasköpun og hagsæld til frambúðar. Með skýra sýn og markmið til lengri tíma mun ríkjandi óvissa og óöryggi, sem við upplifum í dag, hverfa og í stað mun íslenska þjóðin endurheimta eigið öryggi og yfirvegum og afar mikilvægan trúverðugleika í alþjóðasamfélaginu, en á þeim vettvangi mætti verkefnið bera heitið: „Iceland: Vision 20/20“ á ensku, en þýðir „Ísland: fullkomin sjón“. Það eitt að senda þannig skilaboð í alþjóðasamfélagið að Íslendingar séu að móta skýra stefnu til 2020 um samkeppnishæfni er upphafið að því að endurheimta traust og trúverðugleika og mun væntanlega hafa um leið jákvæð áhrif á samskipti og viðskipti okkar við aðrar þjóðir og eflaust á gengi gjaldmiðilsins.

Eins og áður er getið, þá hafa auk sjávarútvegs og orkufreks iðnaðar myndast á Íslandi klasar eða vísar að klösum í kringum heilbrigðisgeirann, landbúnað, merkjavöru-framleiðslu, kvikmyndagerð, tónlist og ferðapjónustu og á fleiri sviðum. Stefnumótun um „Ísland: samkeppnishæfni 2020“ er verkefni sem stjórnvöld mættu setja af stað nú þegar; það er í raun engin ástæða fyrir því að setja það ekki af stað strax.

Í stefnumótun um „Ísland: samkeppnishæfni 2020“ er mikilvægt að setja Íslandi skýr og mælanleg markmið. Ísland hefur alla burði til að vera ávallt meðal 10 samkeppnishæfustu þjóða í heimi í árlegum mælingum World Economic Forum á samkeppnishæfni þjóða. En til að ná því markmiði er nauðsynlegt fyrir Ísland að hafa framtíðarsýn og ákveða eftirfarandi:

- Í hvaða atvinnugreinum og mörkuðum kýs þjóðin að vera samkeppnishæf?
- Hvaða umgjörð og skilyrði þurfa viðkomandi atvinnugreinar og klasar til að vaxa og dafna?
- Hvaða innviði þurfa einstaka klasar að hafa til að mynda sterka og samkeppnishæfa heild?
- Hvað er nú þegar til?
- Hvað vantar og hvernig má afla þess?

Þannig fáum við skýra mynd af stöðu einstakra atvinnugreina og sjáum hvers konar þekkingu við þurfum að afla okkur, sem um leið gefur menntastofnunum skilaboð um væntanlega eftirspurn á hvaða sviðum námsfólk mun sækja á næstu árum.

Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um nýsköpun kemur fram að Norðurlönd standa sig ágætlega í að móta umhverfi til að örva nýsköpun en þó ekki eins vel og Bandaríkin, Bretland og Kanada. Þar kemur einnig skýrt fram ábending til Íslendinga: að í núverandi erfiðri stöðu Íslands sé mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa nýsköpun á dagskrá, þar sem nýsköpun mun hafa veruleg áhrif á hagsæld þjóðarinnar í framtíðinni. Samvinnu fyrirtækja og menntastofnana þarf að auka og að sama skapi er þörf á að efla

háskólana, en Ísland situr aftast Norðurlandanna í mælingu á gæðastigi menntunar. Í skýrslunni er lagt til að Ísland leggi áherslu á gæði menntunar í háskólum landsins.⁶ Þessar mælingar og ábendingar stemma við niðurstöður sem Porter og félagar fengu í rannsóknum sínum á Íslandi fyrir World Economic Forum.⁷


Undanfarin ár hafa hlutfallslega fáir útskrifast úr háskólum landsins á raungreinasviði, s.s. tölvunarfræðingar og verkfræðingar, vegna þess að svo margir vildu nema viðskiptafræði og lögfræði og vinna í bönkum. Með skýra sýn á hvaða sviðum við kjósum að vera samkeppnishæf í framtíðinni og með markvissri uppbyggingu klasa eru meiri líkur á að eðlileg dreifing verði milli mismunandi fræða í menntastofnunum landsins. Í sama farvegi má færa rök fyrir því að rannsóknir og nýsköpun í háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum verði markvissari og þar með fjárhagslega áhættuminni og styðji við aukna samkeppnishæfni þjóðarinnar.

4. Ísland: Samkeppnishæfni 2020 – aðgerðaráætlun um verkefni

Við mótun á stefnu Íslands um „Ísland: samkeppnishæfni 2020“ og hvernig þjóðin okkar nýtir sitt vinnuafli og auðlindir á sem hagkvæmastan máta til að skapa varanlega verðmætasköpun og hagsæld til frambúðar er mikilvægt að helstu aðilar samfélagsins taki þátt. Til að árangur náist þarf af verða nán samvinna milli aðila atvinnulífsins, stjórnvalda, menntastofnana, opinberra stoða og fjármagnseigenda. Við eigum nú þegar allar þessar stoðir á Íslandi, en með því að móta okkur sameiginlega sýn og stefnu til 2020 mun samvinna, samhæfing, framleiðni og árangur aðila aukast til muna og stuðla enn frekar að uppbyggingu samkeppnishæfni og hagsældar. Til að tryggja framgang verkefnisins og tengja saman mismunandi aðila skal skipa verkefnisstjórn, sem hefur það hlutverk að skilgreina verkefnið „Ísland: samkeppnishæfni 2020“, stýra því og tryggja samvinnu og þátttöku mismunandi aðila. Auk þess er það á ábyrgð verkefnisstjórnar að standa skil á stefnumótunarvinnu í samvinnu við Háskóla Íslands.

Innan Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands er nú þegar til staðar „Rannsóknarmiðstöð stefnu og samkeppnishæfni“ eða á ensku „Center of Strategy and Competitiveness“ (CSC). Þegar prófessor Michael Porter og félagar komu til Íslands haustið 2006 var hann sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands. CSC var stofnað í kjölfarið og tengist við „Institute of Strategy and Competitiveness“ við Harvard Háskóla í Bandaríkjunum sem sérhæfir sig í rannsóknum og menntun á sviði samkeppnishæfni. Einnig er gert ráð fyrir að aðrir

Samkeppnishæfi Íslands – stefnumótun til 2020



⁶ Nordic Innovation Monitor 2009, Norræna ráðherranefndin 25. febrúar 2009

⁷ The Global Competitiveness Report 2008-2009, World Economic Forum

háskólar og rannsóknarstofnanir á Íslandi komi að verkefninu eftir því sem þeirra sérhæfing gefur tilefni til. Eins og lýst er í myndinni hér að ofan þá er mikilvægt að aðilar er mynda helstu stoðir íslensks samfélags komi að stefnumótun um verkefnið „Ísland: samkeppnishæfni 2020“. Ríkisstjórn Íslands þarf formlega að samþykka að móta stefnu um samkeppnishæfni og gert er ráð fyrir að ýmis ráðuneyti komi að verkefninu. Eingöngu með formlegu samþykki ríkisstjórnar Íslands er hægt að gera verkefnið að veruleika og öðlast trúverðugleika um sameiginlega sýn og markmið um samkeppnishæfni Íslands, verðmætasköpun og hagsæld, hvort heldur er á Íslandi eða í alþjóðasamfélaginu. Því er samþykki ríkisstjórnar Íslands algjör forsenda þess að „Ísland: samkeppnishæfni 2020“ verði að veruleika og að fagfólk, stofnanir, atvinnulífið og fremstu aðilar í heimi á sviði stjórnunarvísinda taki þátt. Með skýra sýn og markmið til 2020 um á hvaða sviðum við kjósum að vera samkeppnishæf er líklegra að fjármagni og fjárfestingu sé beint í rétta strauma. Það eykur líkur á árangri en ef um stefnulausar og ómarkvissar fjárfestingar er að ræða. Þannig má lágmarka áhættu og hámarka arðsemi fjármagns.

Fyrir utan það eitt að gera Ísland samkeppnishæfara á alþjóðamörkuðum og auka hagsæld á landinu fylgja margir augljósir kostir því að móta framtíðarsýn og stefnu um „Ísland: samkeppnishæfni 2020“:

- Með vissu um hvert þjóðin stefnir skapast félagslegt og andlegt jafnvægi og yfirvegum. Almennt fylgja óþægindi og ójafnvægi stefnuleysi.
- Kemur eflaust í veg fyrir landflótta ef íbúar Íslands sjá að íslenska þjóðin er ákveðin í að koma enn sterkar út úr núverandi efnahags- og fjármálakreppu heldur en hún var áður en hún lenti í þeim hörkulega brotsjó sem skall á þjóðina.
- Þverpólitískir hagsmunir eru um að þjóðin öðlist varanlega hagsæld um ókomna tíð og „Ísland: samkeppnishæfni 2020“ ætti því að setja pólitíska umræðu í jákvæðari og uppbyggjandi farveg.
- „Iceland: Vision 20/20“ sendir skýr skilaboð í alþjóðasamfélagið, sem þýðir:
 - Endurheimt traust annarra þjóða við þá vitneskju um að Ísland sé að vinna sig úr núverandi vanda og með mótaða sýn og stefnu á varanlega hagsæld.
 - Endurheimt traust erlendra fyrirtækja og stofnana, birgja og samstarfsaðila.
 - Endurheimt lántraust fjármálafyrirtækja, sem lækkar ávöxtunarkröfu og styrkir gjaldmiðilinn, þó gjaldmiðill hafi ekki áhrif á eða sé forsenda fyrir framleiðni, verðmætasköpun eða samkeppnishæfni okkar.
 - Erlendar þjóðir og fyrirtæki vilja aftur eiga samskipti, samvinnu og viðskipti við Íslendinga.

Ísland er fámenn þjóð, sem er að fara í gegnum átakamikið tímabil. Innviðir háþróaðs samfélags eru til staðar og auðlindir, bæði náttúrulegar og mannauður, öfundsverðar – en fjármálakerfi þjóðarinnar hefur hrúnið með alvarlegum afleiðingum. Þrátt fyrir flókna „punkt“-stöðu getur framtíð þjóðarinnar breyst til betri vegar hratt og vel ef litið er á „stóru myndina“ og réttar ákvarðanir eru teknar hratt og vel. Ísland á ekki í stríði, það geysar ekki faraldur eða hungursneyð í landinu, þjóðin er að glíma við skammtíma efnahagslegt vandamál. Eini óvinur Íslendinga er tíminn sem líður, því ákvörðunarfærni og pólitísk kreppa seinkar bata og dregur úr hve hratt við komumst úr núverandi stöðu. Framtíðarhorfur Íslands til lengri tíma eru í raun mjög góðar. Til að tryggja að svo megi verða er lagt til að ríkisstjórn Íslands samþykki að móta stefnu til 2020, „Ísland: samkeppnishæfni 2020“, um samkeppnishæfni Íslands í alþjóðasamfélaginu og hvernig okkar litla 320 þúsund manna þjóð megi best nýta sitt vinnuafli og auðlindir til að skapa varanlega verðmætasköpun og hagsæld til frambúðar.

Myndir: Michael Porter, Building a Competitive Economy: Implications for Iceland, fyrirlestur 2. október 2006
Mynd um Samkeppnishæfni Íslands – stefnumótun til 2020: Hálfan Karlsson, mars 2009